



## Stjórn og rekstur foreldrafélaga

---

### Formáli

Þrjú hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og komast að samkomulagi um meginviðmið. Starfsemi foreldrafélaga í grunnskólum er í stöðugri þróun eins og eðlilegt er í sýnbreytilegum heimi. Við flutning grunnskólans til sveitarfélaga færðist ákvarðanatöku í skólamállum nær foreldrum sem undirstrikar þörf fyrir formlegan samstarfsvettvang þeirra. Lögbundin foreldraráð við grunnskóla er nýr þáttur í starfinu og með tilkomu þeirra þarf að endurskoða starfsemi foreldrafélaga og styrkja undirstöðuna enn frekar.

Vel rekin og virk foreldrafélög við hvern skóla eru tvímælalaust af hinu góða. Foreldrar hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu og almenna velferð barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun. Til að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að þeir sem tengjast stjórnun og

rekstri slíks félags velti fyrir sér markmiðum félagsins og hvernig hægt sé að skipuleggja starfið svo að þau markmið náist.

Með þessum bæklingi vilja Landsamtök foreldra, Heimili og skóli stuðla að markvissu og árangursríku starfi foreldrafélaga. Samtökin bjóða einnig upp á námskeið um rekstur og stjórnun foreldrafélaga og bekkjarstarf. Við veitum fúslega aðstoð og upplýsingar ef einhverjar spurningar vakna við lestur þessa bæklinga. Hafi lesendur góðar hugmyndir, ábendingar eða athugasemdir sem þeir vilja koma á framfæri varðandi rekstur foreldrafélaga þá þiggjum við slíkt með þökkum.

Með von um gott gengi og öflugt foreldrastarf.

Unnur Halldórsdóttir

Guðni Olgeirsson

## Stjórn og rekstur foreldrafélaga

### 1. kafli: Hlutverk foreldrafélaga

#### Fyrr og nú

Flest foreldrafélög við grunnskóla eru 15- 20 ára gömul en mörg eru þó yngri. Félögin voru fyrr á árum oftast stofnuð að frumkvæði skólustjóra og lengi vel var aðaláherslan lögð á fjáröflun til tækjakaupa fyrir skólana og skipulagningu jólafondurs auk fræðslu fyrir foreldra. Minna var fjallað um skólastarfið sjálft, nám og kennslu. Á síðari árum hefur ábyrgð á starfsemi og rekstri foreldrafélaga víðast færst alfarið í hendur foreldra og áherslur í starfseminni hafa verið að breytast.

Tilgangur með foreldrastarfi er fyrst og fremst að stuðla að góðum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglinga, bæði í skólum og á heimilum. Í grunnskólalögum síðari ára og aðalnámskrá frá 1989 er lögð áhersla á virka þátttöku foreldra í skólastarfi, bæði varðandi nám eigin barna, í foreldrastarfi innan skólans svo og við gerð skólanámskrár. Þetta er enn frekar staðfest með tilkomu foreldraráða sem skulu starfa við hvern skóla samkvæmt grunnskólalögum. (Sjá nánar um þau síðar í þessu riti og í bæklingi um foreldraráð sem Heimili og skóli gaf út 1995).

Yfirvöld skólamála leita líka í auknum mæli eftir sjónarmiðum foreldra og kalla fulltrúa þeirra til samráðs um ýmis mál og fulltrúar foreldra eiga rétt til setu í skólanefndum með málfrelsi og tillögurétti. Þá hefur fulltrúi foreldra setið í stjórn Námsgagnastofnunar í nokkur ár

#### Ólíkar væntingar foreldra

Foreldrar eru mjög breiður hópur með margvíslegar skoðanir og væntingar en þeir geta í krafti samstöðu haft mikil áhrif á framkvæmd skólamála og raunar fjölskyldustefnu í sveitarfélögum og á landinu öllu. Til þess þarf foreldrahópurinn að hafa vettvang til þess að stilla saman strengi og móta sameiginlega stefnu sem komið er á framfæri við skólastjórnendur og sveitarstjórnir.

Sú áherslubreyting þ.e. að tengja foreldra meira við ákvarðanatöku um skólamál hefur breytt eðli starfsins í foreldrafélögum, frá því að vera að mestu skemmti- og fjáröflunarfélög í það að vera vettvangur foreldra til samstarfs, áhrifa, upplýsinga og fræðslu.

Skemmiþátturinn hefur frekar færst yfir í bekkjarstarfið, þ.e. foreldrar og börn innan bekkjardeilda gera sér glaðan dag. Skilgreina má foreldrafélög sem skólamálafélög en jafnframt uppeldis- eða barnaræktarfélög

#### Eðli foreldrafélaga

Foreldrafélög eru í eðli sínu ólík öðrum félögum, t.d. verða foreldrar yfirleitt félagsmenn sjálfkrafa vegna skólagöngu barna sinna, en ganga ekki formlega í félagið vegna áhuga á foreldrastarfi. Gegnumstreymi félagsmanna er mikið, árlega koma nýir foreldrar með fyrst barn sitt í skóla en aðrir hætta þegar barn þeirra lýkur grunnskóla. Félagatal er sjaldnast til staðar, þ.e. stjórn félagsins hefur

ekki aðgang að nöfnum og símanúmerum allra foreldra. Félagsgjöld tíðkast yfirleitt ekki þótt það sé nokkuð að breytast. Þessar aðstæður valda ýmsum erfiðleikum í félagsstarfinu m.a. þarf stöðugt að vekja áhuga nýrra foreldra á starfi félagsins og reyna að virkja þá til þátttöku.

Eins og fram hefur komið er hlutverk foreldrafélags margþætt. Segja má að helstu áherslur séu þessar:

- Styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla
- Samstarfs- og samstöðuvettvangur foreldra innbyrðis
- Upplýsingamiðlun og fræðslustarf

Til samanburðar er hlutverk foreldraráðs samkvæmt grunnskólalögum eftirfarandi:

- að veita umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir um skólalald.
- að hlutast til um að skólanámskráin sé kynnt öllum foreldrum við skólann
- að fylgjast með framkvæmd áætlana

Verkefni foreldrafélagsins eru margvísleg og fara áherslurnar að einhverju leyti eftir staðháttum í samfélaginu s.s. því hvort skólinn er í dreifbýli eða þéttbýli, hvort hann er stór eða lítill. Í þriðja kafla er nánar fjallað um verkefni foreldrafélaga.

## Samstarf foreldra í héraði og á landsvísu

Foreldrafélögin þurfa að eiga aðgang að öflugum bakhjarli, landssamtökum sem geta veitt þeim gögn og upplýsingar um foreldrastarf og skólamál. Þetta er ekki síst mikilvægt þar sem foreldraráðum er ætlað ákveðið aðhalds- og eftirlitshlutverk gagnvart skólalaldi og þau þurfa vel skipulagt bakland í foreldrafélögunum við hvern skóla.

Í ýmsum málaflokkum hefur samstaða á landsvísu skipt sköpum um áhrif og þrýsting á stjórnvöld sbr. Félag smábátæigenda og Félag ísl. bifreiðæigenda. Kröftug landshreyfing foreldra getur þrýst á framgang skólamála og sá styrkur þarf að birtast í öflugum starfi foreldra í hverjum skóla.

Hér á landi eru starfandi landssamtök foreldra, Heimili og skóli. Einnig eru svæðasamtök foreldra, t.d. SAMFOK í Reykjavík, Foreldraráð Hafnarfjarðar, og Foreldrasamtök á Suðurlandi. Það er fyrirsjáanlegt að slíkum svæðasamtökum mun fjölga á næstu árum því foreldrafélög þurfa samstarfsvettvang í héraði, rétt eins og ungmennafélög, kvenfélög og hestamannafélög t.d. til að geta kosið fulltrúa foreldra í stjórn skólaskrifstofu svæðisins og vegna samræmingar af ýmsu tagi í hverju byggðarlagi.

Landsþing foreldra, Foreldraþing, sem haldið hefur verið á vegum Heimilis og skóla undanfarin ár hefur sýnt sig að vera mikilvægur vettvangur fyrir skólaumræðu. Þar hittast foreldrar af öllu landinu og skiptast á reynslu og skoðunum og ályktanir slíkra þinga hafa náð eyrum ráðamanna og þjóðarinnar allrar.

## Stjórn og rekstur foreldrafélaga

---

2. kafli: Skipulag foreldrafélaga

### Lög og starfsreglur

Foreldrafélög eins og önnur félög þurfa að hafa skýran starfsramma til að vinna eftir. Eðlilegast er að slíkur starfsrammi sé skilgreindur í lögum félagsins sem samþykkt hafa verið á aðalfundi. Lögin þurfa að vera í samræmi við starfsemi félagsins og rétt er að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna, t.d. með tilkomu lögbundins foreldraráðs.

Í lögnum þarf að tilgreina helstu markmið félagsins og hvernig félagið hyggst vinna að þeim markmiðum. Þar þurfa líka að vera ákvæði um stjórn félagsins og kosningu hennar, svo og hvernig

standa skuli að kosningu foreldraráðs. Gott er að setja í lögin ákvæði um bekkjarfulltrúa og nefndaskipan og almenna starfshætti félagsins. Loks þurfa að vera ákvæði um aðalfund.

Skipulag foreldrafélags eins og það birtist í lögum þess getur verið með mjög ólíkum hætti eftir skólum og er eðlilegt að í hverjum skóla sé tekið mið af aðstæðum, hefðum, t.d. nemendafjölda og hvort skólinn er í þéttbýli eða dreifbýli. Sjá nánar dæmi um lög foreldrafélags í 6. kafla.

## **Félagatal**

Foreldrafélög eru í eðli sínu ólík öðrum félögum þar sem foreldrar ganga ekki formlega í félagið vegna áhuga á foreldrastarfi. Foreldrar eru félagsmenn í foreldrafélagi þann tíma sem þeir eiga börn í grunnskóla og eru eiginlega skyldaðir í foreldrafélagið jafnlengi og börnin þeirra eru í skyldunámi.

Félagatal foreldrafélags er því almennt byggt á lista grunnskóla yfir foreldra/ forráðamenn allra barna í skólanum. Nauðsynlegt er að foreldrafélagið hafi aðgang að slíkum lista og æskilegt er að skólinn útvegi félaginu árlega nýjan lista að hausti. Síðan fái bekkjarfulltrúar lista yfir aðstandendur allra barna í einstökum bekkjum með heimilisföngum, símanúmerum og jafnvel netföngum.

Félagatal er mikilvægt þegar hafa þarf samband við einstaklinga eða leita eftir fólki til starfa fyrir félagið og spyrja má sig hvort yfirleitt sé hægt að reka foreldrafélag eða yfirleitt nokkurt félag án félagatals.

## **Stjórn**

Stjórn foreldrafélags annast rekstur félagsins, mótar áherslur, hefur heildaryfirsýn yfir starfsemina og tryggir að ákveðnum verkefnum sé hrint í framkvæmd. Eðlilegt er að formaður félagsins sé kosinn sérstaklega á aðalfundi, með því eru foreldrarnir að kjósa talsmann félagsins og hann fær strax það hlutverk að kalla saman stjórn. Að öðru leyti skipta stjórnarmenn með sér verkum, t.d. varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Auðvitað má líka kjósa í hvert embætti fyrir sig ef það þykir betra.

Mikilvægt er að allir stjórnarmenn þekki sitt verksvið og sinni því af kostgæfni. Þeir ættu t.d. að skipta á milli sín að taka þátt í starfi nefnda félagsins og hafa jafnframt góð tengsl við bekkjarfulltrúa, ef um slíkt er að ræða til að stjórnin og foreldraráð hafi sem gleggsta heildarmynd af starfsemi félagsins.

Stjórn foreldrafélagsins þarf að sjá til að fastar hefðir í starfi foreldrafélagsins almennt og í einstökum árgöngum séu virtar. Einnig ætti stjórn félagsins stöðugt að leita leiða til að festa nýjar hefðir í sessi til að efla tengsl heimila og skóla. Ekki er æskilegt að skipt sé um alla stjórnarmenn í einu, því þá er hætt við að rof myndist í starfsemi þess.

## **Bekkarfulltrúar**

Yfirleitt hafa foreldrar mestan áhuga á að vinna að verkefnum í tengslum við menntun, uppeldi og félagsstarf eigin barna. Bekkjareiningin er því kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að kynna innbyrðis, kynna félögum barna sinna, móta sameiginlegar áherslur í uppeldi og fræðast um skólamál almennt. Til þess að foreldrastarf í bekkjum blómstri er heppilegt að kjósa tvo fulltrúa úr hverri bekkjardeild, eða samkensluhópi í fámennum skóla, fyrir hvert skólaár.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er einkum að hafa yfirumsjón með foreldrastarfi í bekknum og fylgjast með því að fyrirfram ákveðin verkefni séu framkvæmd, t.d. bekkjarkvöld, vettvangsferðir, heimsóknir foreldra í bekk, fræðslufundir og samkomu af ýmsu tagi. Þeir eru nokkurs konar trúnaðarmenn foreldra og barna í viðkomandi bekk og samstarfsmenn umsjónarkennarans. ( Sjá nánar í 3. kafla.)

Bekkarfulltrúarnir eru einnig tengiliðir bekkjarins við foreldrafélag viðkomandi skóla og sitja í fulltrúaráði foreldrafélagsins. Líta má á foreldrastarf í bekkjardeildum eða samkensluhópum í fámennum skólum sem grasrótarhreyfingu foreldrafélagsins og þar ætti að vera blómleg starfsemi m.a. til að skapa góðan bekkjaranda og samstöðu.

Í fámennum skólum þar sem nemendum er t.d. skipt í tvær eða þrjár deildir er eðlilegt að skipa málum með öðrum hætti, líta annaðhvort á skólann sem eina heild í fámennustu skólunum eða skipa bekkjarfulltrúa fyrir hverja samkennslueiningu, t.d. 1.-4. Bekk, 5.-7. bekk.

Sjá sýnishorn af erindisbréfi fyrir bekkjarfulltrúa í 6. kafla.

### **Fulltrúaráð**

Foreldrafélag við stóran skóla getur verið mjög fjölmennt, jafnvel með hundruð félagsmanna og það starfar að hagsmunum fjölda nemenda. Skipulag félagsins þarf því að vera gott og tengslin skilvirk inn í alla bekki og inn á hvert heimili.

Bekkarfulltrúar allra bekkjardeilda í skólanum mynda fulltrúaráð félagsins sem er samstarfsvettvangur bekkjarfulltrúa og jafnframt bakhjarl fyrir stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðsins. Öflugt fulltrúaráð styrkir stjórn félagsins og þá stefnu sem félagið setur hverju sinni. Fulltrúaráð tryggir líka ákveðið samhengi og festu í starfi félagsins þar sem fleiri eru virkir í starfi og stefnumótun en stjórnin ein.

Stjórn foreldrafélags þarf á haustin að útbúa nafnalista yfir stjórn og fulltrúaráð félagsins og birta í fréttabréfi eða skólanámskrá. Þannig vita foreldrar hvert þeir geta snúið sér með ábendingar og fyrirspurnir um starfsemi félagsins eða skólans.

Stjórnin ætti að boða fulltrúaráðið til fundar nokkrum sinnum á hverjum vetri til að fjalla um verkefni stjórnar félagsins, foreldraráðsins, einstakra bekkjardeilda og nefnda félagsins ef um þær er að ræða. Einnig er fulltrúaráðið kjörinn vettvangur til að ræða um skólahaldið almennt og viðhorf foreldra til einstakra þátta í starfsemi skólans. Á slíkum fundum er hægt að móta sameiginleg sjónarmið foreldra, skipuleggja einstök verkefni og móta starfsemi félagsins í heild.

### **Foreldraráð**

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði um að við hvern grunnskóla skuli starfa þriggja manna foreldraráð sem kosið sé til tveggja ára úr hópi foreldra sem ekki eru starfsmenn skólans. Jafnframt skal kjósa varamenn.

Foreldraráðið hefur það lögbundna hlutverk að veita umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir um skólahaldið, sjá til þess að slíkar áætlanir séu kynntar foreldrum og fylgjast með framkvæmd þeirra. Foreldraráðið hefur því ákveðið aðhalds- og eftirlitshlutverk með starfsemi skólans og skólanefndar. Foreldraráð ætti einnig að hafa ákveðna framtíðarsýn varðandi skólahaldið.

Mikilvægt er að fulltrúar í foreldraráði séu í góðum tengslum við foreldra í skólanum, stjórn félagsins og bekkjarfulltrúa. Því er eðlilegt að þeir séu kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins og að foreldraráðið geri þar grein fyrir starfi sínu t.d. með skýrslu. Foreldraráðið ætti líka að kynna verkefni sín á fulltrúaráðsfundum í félaginu, í fréttabréfum og við önnur tækifæri eftir aðstæðum. Foreldraráð og stjórn foreldrafélags ættu að funda saman öðru hverju yfir veturinn og skiptast á fundargerðum.

Ekki er æskilegt að kjósa alla aðalmenn í foreldraráð samtímis, þá er hætta á því að samhengi í starfinu raskist og erfitt reynist að þróa starfsemina frekar. Ráðlegt er því að kjósa einn til tvo nýja ráðsmenn á ári. Ekkert er því til fyrirstöðu að menn sitji í foreldraráði lengur ein eitt kjörtímabil sem lögum samkvæmt er tvö ár, svo fremi sem þeir eigi börn í skólanum.

Heimili og skóli hefur útbúið starfsreglur fyrir foreldraráð og er hægt að nálgast þær á skrifstofu samtakanna svo og bækling um starfsemi foreldraráða. Þar er líka hægt að skrá sig á sérstakan póstlista á netinu fyrir foreldraráðsfulltrúa

### **Nefndir**

Eðlilegt er að stjórn foreldrafélags hafi heimild til að skipa nefndir eða starfshópa til að fjalla um afmörkuð viðfangsefni, bæði föst eða tilfallandi verkefni.

Í nefndum gefst foreldrum tækifæri að starfa að sérstökum áhugamálum eða hagsmunamálum og nýta jafnframt þekkingu sína og reynslu í þágu nemenda, skólans, hverfisins eða sveitarfélagsins. Má nefna sem dæmi nefndir um umferðarmál, vímuvarnir, málefni unglinga, skipulagsmál, foreldrafærðslu og skemmtanir eða samkomur. Fræðslunefndir sjá t.d. um að skipuleggja fræðslufundi fyrir foreldra og e.t.v. fræðslu fyrir nýja bekkjarfulltrúa.

Hægt er að finna fólk til að starfa í nefndum með ýmsum hætti, t.d. á aðalfundi foreldrafélags, félagsfundum eða með auglýsingu í fréttabréfi. Með því að fara vel yfir félagatal foreldrafélagsins, þ.e. lista yfir alla foreldra barna í skólanum, er líklegt að hægt sé að finna einstaklinga sem búa yfir mikilsverðri þekkingu sem nýst gæti í starfi einstakra nefnda.

Nefndir ættu að fá erindisbréf, þ.e. skilgreiningu á verkefni sínu, nöfnum og símnúmerum nefndarmanna og því hvenær nefndin á að ljúka störfum. Æskilegt er að nefndir geri reglulega grein fyrir starfi sínu, t.d. á aðalfundum, stjórnarfundum í foreldrafélaginu og taki saman greinargerðir um starfið. Skynsamlegt er að einn stjórnarmaður í foreldrafélaginu starfi með hverri nefnd, bæði til að fylgja starfinu eftir og til að stjórn hafi yfirsýn yfir nefndastarfið.

Vel skipulagt nefndarstarf eykur starfsemi félagsins, virkjar fleiri til starfa í félaginu og léttir álagi á stjórnarmönnum

### **Foreldrafélag eða foreldra- og kennarafélag**

Á síðari árum hafa foreldrafélög víða breyst úr foreldra- og kennarafélögum í hrein foreldrafélög. Fyrir því eru ýmsar ástæður, m.a. ákvæði í grunnskólalögum um að foreldrar hafi heimild til að stofna samtök foreldra við skóla. Í eldri lögum var talað um samtök foreldra og kennara. Í ákvæðum laga um foreldraráð er tekið fram að starfsmenn skólans séu ekki kjörgengir í ráðið og í grunnskólalögum er einnig ákvæði um að foreldrar kjósi fulltrúa í skólanefnd úr sínum hópi. Þá hafa foreldrafélög verið rekin sem sjálfboðaliðafélög þannig að erfitt er að gera kröfu um þátttöku launaðra starfsmanna skóla í slíkum frjálsum félagasamtökum.

Formlega séð er því eðlilegt að foreldrar standi að skipulagi eigin hreyfingar í skólasamfélaginu á sama hátt og kennarar hafa kennararáð og nemendur hafa heimild til stofnunar nemendaráðs. Foreldrar þurfa líka að hafa svigrúm innan foreldrafélaga til að marka eigin stefnu óháða stefnu starfsmanna skólans og leggja áherslu á sjónarmið foreldra.

Mikils er um vert að sem best samstarf sé á milli allra þessara hópa, þ.e. foreldra, nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans, en ýmsir aðrar leiðir eru heppilegar til samstarfs en að kennarar taki beinan þátt í stjórnun foreldrahreyfingar í grunnskólum. Hægt er að halda samráðsfundi, vinna að ákveðnum skilgreindum samstarfsverkefnum í starfshópum og miðla upplýsingum á báða bóga.

Á síðari árum hefur foreldrahreyfingin í landinu eflst, einkum með tilkomu Landssamtakanna Heimilis og skóla, og breytinga á löggjöf um grunnskóla. Áhugi foreldra á skólamálum fer sömuleiðis vaxandi í takt við aukin áhrif.

### **Tengsl við stjórnendur, starfsfólk og nemendur/ nemendaráð**

Stjórn foreldrafélagsins, foreldraráðið og bekkjarfulltrúar þurfa að eiga gott samstarf við stjórnendur skólans, kennara og annað starfsfólk svo og nemendur/nemendaráð.

Lögum samkvæmt eiga skólastjórnendur að halda að lágmarki tvo fundi árlega með foreldraráði, kennararáði og nemendaráði til að fara yfir verkefni þessara ráða og ræða um áherslur í starfi skólans. Gott er að formaður foreldrafélagsins sitji einnig slíka fundi til að tryggja sem best upplýsingaflæði milli þessara hópa.

Hægt er að skipa starfshópa með fulltrúum foreldra, nemenda og kennara til að vinna að ákveðnum úrlausnarefnum. Það eykur líkur á því að ásættanleg niðurstaða fái í málum sem snerta skólasamfélagið í heild, t.d. hvað varðar skólareglur, samskipti, ýmsar hefðir og venjur, forvarnir, félags- og tómstundastarf og skólahald almennt.

Reglulega ætti að fara fram öflun upplýsinga meðal nemenda, foreldra og starfsfólks skólans um ýmsa þætti í skólahaldinu, þannig að auðveldar megi bregðast við því sem betur má fara með samstilltu átaki allra aðila. Þetta er t.d. hægt að gera með viðhorfskönnunum eða á fundum.

### **Tengsl við önnur foreldrafélög**

Foreldrafélög eru nú við flesta grunnskóla hér á landi og víða eru starfandi samtök foreldra í sveitarfélögum eða landshlutum, t.d. Samfok í Reykjavík, Foreldraráð Hafnarfjarðar og Foreldrasamtök á Suðurlandi.

Afar gagnlegt er fyrir foreldrafélög að eiga samstarf innbyrðis í sama sveitarfélagi eða landsfjórðungi til að skiptast á upplýsingum og reynslu og vinna að sameiginlegum baráttumálum. Einnig má samnýta fyrirlesara, standa saman að foreldrarölti/vakt eða tómstundatilboðum fyrir nemendur svo dæmi séu nefnd. Þetta á ekki síst við þar sem nemendur úr fleiri en einum skóla eða sveitarfélagi sameinast í unglingadeildum. Það er því full ástæða til þess að stjórn foreldrafélagsins setji sig í samband við foreldrafélagið í nágrannaskólanum hafi slíkt samstarf ekki verið fyrir hendi.

Foreldrafélög geta leitað til skrifstofu Heimilis og skóla eftir upplýsingum um nöfn og símanúmer formanna foreldrafélaga og foreldraráða um land allt.

### **Tengsl við skólanefnd**

Nú sjá sveitarfélög alfarið um rekstur grunnskólans og skólanefnd gegnir miklu hlutverki hvað varðar mótun stefnu í skólahaldi og framkvæmd grunnskólalaga. Foreldrar þurfa að koma sjónarmiðum sínum rækilega til skila til skólanefndar, bæði á almennum borgarafundum, fundum í skólum, með skriflegum erindum, ályktunum og síðast en ekki síst með foreldrafulltrúum í skólanefndum.

Samkvæmt grunnskólalögum á fulltrúi foreldra rétt til setu á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þann fulltrúa á að boða á alla reglulega fundi skólanefndar og senda honum dagskrá, afrit af fundargerðum og ýmis önnur gögn. Eðlilegt er að fulltrúi foreldra fái greitt fyrir störf sín í skólanefndinni eins og áheyrnarfulltrúar kennara.

Áður fyrr tilnefndu foreldrafélög oftast þennan fulltrúa, gjarnan formann foreldrafélagsins. Með tilkomu foreldraráða hefur þróunin víða orðið sú að fulltrúi þess situr sem áheyrnarfulltrúi í skólanefnd m.a. í ljósi þeirra verkefna sem foreldraráðið á lögum samkvæmt að sinna.

### **Tengsl við ýmsa aðila utan skólans**

Nemendur, starfsfólk skóla og foreldrar mynda skólasamfélag hvers skóla eins og nefnt er í formaál þessa rits. Hins vegar eru fjölmargir samstarfsaðilar sem koma með einum eða öðrum hætti að skólahaldinu eða sinna ákveðinni þjónustu við börn og ungmenni. Þar er m.a. um að ræða tónlistarskóla, íþrótt- og tómstundaráð sveitarfélaga, íþróttafélög, lögreglu, kirkju, hverfasamtök, skipulagsyfirköld og ýmis félagasamtök og stofnanir, jafnvel fyrirtæki.

Tilgangurinn með samstarfi allra þessara aðila er að sjá til þess að þjónusta við börn og ungmenni verði sem heildstæðust og markvissust. Foreldrafélög ættu að hafa frumkvæði að samstarfi þessara aðila og stuðlað þannig að sem bestum uppeldisskilyrðum fyrir börn og ungmenni eftir því sem hægt er.

### **Trúnaður gagnvart foreldrum, nemendum og starfsfólki skóla**

Með þátttöku í starfi foreldrafélags er algengt að fólk fái upplýsingar um ýmis viðkvæm mál einstakra starfsmanna skólans, nemenda og fjölskyldna þeirra. Mjög mikilvægt er að fólk sem kosið er til ábyrgðar í foreldrafélögum, hvort sem er í stjórnnum eða nefndum fjalli alls ekki um slíkar trúnaðarupplýsingar á öðrum vettvangi. Sömuleiðis þurfa bekkjarfulltrúar og almennir foreldrar að gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara ávallt að leiðarljósi í bekkjarstarfinu og virða trúnað ef þeir verða varir við ýmis mál s.s. hegðun eða námshæfni einstaklinga. Ávallt þarf að gæta þess í starfi í foreldrafélögum að virða lög um meðferð persónuupplýsinga.

Trúnaður má þó ekki verða svo mikill að menn vanræki borgaralega tilkynningaskyldu sína ef velferð barna er í húfi einhvern hátt. Slík mál þurf að fara rétta boðleið og því er nauðsynlegt að ræða það við yfirvöld skólans hvornig ber að snúa sér í slíkum málum. Einelti virðist oft tekið sem einstaklingsmál en það er nauðsynlegt að ræða almennt um hvornig taka skuli á slíkum málum og hvornig megi koma í veg fyrir þau

## Stjórn og rekstur foreldrafélaga

### 3. kafli: Starfshættir foreldrafélaga

#### Stjórn og starfsáætlun

Á herðum stjórnar foreldrafélagsins hvíla ýmis verkefni sem varða skólann í heild, tengsl við foreldraráðið, yfirstjórn skólans og fræðsluyfirvöld.

Nauðsynlegt er að stjórnin haldi skrá yfir föst og hefðbundin verkefni foreldrafélagsins og hvornig æskilegast er að vinna að þeim málum á hverju ári. Með því móti er hægt að ganga skipulega til verka og nýta reynsluna til að bæta starfsemina og auðvelda framkvæmd. Hér er t.d. átt við stjórnarfundi, aðalfund, skipan bekkjarfulltrúa og skipulag fulltrúaráðsfunda, útgáfu fréttabréfa, kynningarstarf, fasta viðburði í starfsemi félagsins og tengsl við ýmsa aðila.

Æskilegt er að stjórn útbúi starfsáætlun fyrir vetrarstarfið í upphafi skólaárs þar sem verkefnum vetrarins er raðað á einstaka mánuði, vikur eða jafnvel daga. Með góðri starfsáætlun eykst virkni þar sem ábyrgðinni á framkvæmd einstakra verkefna er skipt á stjórnarmenn, bekkjarfulltrúa eða nefndir á vegum félagsins.

Hins vegar þarf að vera svigrúm til að breyta út frá starfsáætlun eða bæta við verkefnum sem upp kunna að koma, t.d. ef stjórnvöld koma fram með nýjar áherslur í skólamállum, ef sérstök verkefni eru í gangi innan sveitarfélags eða ef fram koma hugmyndir eða óskir frá foreldrum eða skólastjórnendum..

Í kafla 6 er dæmi um starfsáætlun foreldrafélags fyrir eitt skólaár

#### Stjórnarfundir

##### 1. Fundartími og staður

Æskilegt er að stjórn ákveði fasta fundartíma og fundarstað út skólaárið, t.d. fyrsta mánudag í hverjum mánuði kl. 17.30-19.00. Betra er að bæta við stuttum aukafundum en að funda of lengi í hvert sinn. Æskilegt er að drög að dagskrá og gögn séu send til stjórnarmanna nokkru fyrir fund til að fundurinn geti orðið sem markvissastur. Í því skyni er kjörið að nota tölvupóst eða símbréf. Það auðveldar skipulagið að stjórnarmenn fái á einu blaði yfirlit yfir alla stjórnarfundi vetrarins og fundi með bekkjarfulltrúum, foreldraráði og stjórnendum skólans.

##### 2. Skrifleg dagskrá

Nauðsynlegt er að hafa skriflega dagskrá á fundum til að hægt sé að afmarka umræðuefnið og fá niðurstöðu í þeim málum sem þarf að afgreiða. Formaður og ritari félagsins undirbúa yfirleitt dagskrá stjórnarfunda. Góð regla er að byrja hvern stjórnarfund með því að lesa fundargerð síðasta fundar upp og samþykkja hana. Síðan eru bréf eða erindi sem borist hafa foreldrafélaginu tekin fyrir, rætt um stöðu verkefna sem eru í gangi, stöðu fjármála ef þörf krefur og ný verkefni eða hugmyndir sem fram hafa komið. Æskilegt er að stjórnarmenn láti formann vita tímanlega óski þeir eftir að ákveðin mál verði tekin fyrir á stjórnarfundi. Einnig þarf að vera svigrúm fyrir önnur mál sem t.d. koma upp með skömmum fyrirvara.

##### 3. Fundarstjórn og fundarritun

Í öllu félagsstarfi er farsælt að hafa góða fundarstjórn, ekki síst á stjórnarfundum. Algengast er að formaður félagsins stýri stjórnarfundum en það er ekki nauðsynlegt. Best er að taka eitt mál fyrir í einu og afgreiða það þegar allir stjórnarmenn hafa fengið tækifæri til að leggja orð í belg eða koma með ábendingar.

Ritari gerir stutta og hnitmiðaða fundargerð þar sem fram kemur hvaða mál voru tekin fyrir og hvaða

niðurstaða fékkst í þeim, t.d hver tekur að sér að koma ákveðnum verkefnum í framkvæmd. Þannig sést hvaða afstöðu foreldrafélagið hefur til ákveðinna mála, einkum þar sem æskilegt er að fundargerð sé send stjórnendum skólans og foreldraráði til upplýsingar.

Foreldraráðið við skólann ætti að vinna á sama hátt hvað varðar fundarstjórn og ritun fundargerða, svo og fastar nefndir félagsins.

#### 4. Gestir á stjórnarfundi

Hægt er að fá gesti á stjórnarfundi til að fjalla um afmörkuð mál. Það geta t.d. verið stjórnendur skólans, kennarar, nemendur, formenn nefnda félagsins eða ýmsir utanaðkomandi aðilar eftir aðstæðum. Með því móti er hægt að fjalla markvisst um ákveðin mál sem ofarlega eru á baugi og koma upplýsingum milliliðalaust á framfæri.

Sýnishorn af fundargerð er í 6. kafla

### Verkaskipting stjórnar og starfshættir

Æskilegt er að stjórnarmenn skipti með sér verkum milli stjórnarfunda, helst eftir áhugasviðum hvers og eins þannig að allir stjórnarmenn verði virkir. Gjaldkerinn á t.d. að sjá um fjármálin og ritarinn að skrifa fundargerðir.

Með nútímaupplýsingatækni s.s. tölvupósti milli stjórnarmanna er hægt flýta fyrir sér og fækka fundum eða stytta þá. Ef allir stjórnarmenn hafa netfang er hægt að undirbúa mál með tölvupósti og nota stjórnarfundi til að afgreiða mál í stað þess að hefja umræður um hvert atriði frá byrjun. Með þessu móti geta foreldrafélög sinnt mun fleiri verkefnum en áður og unnið markvissar að úrlausn þeirra

### Fjármál

Flest foreldrafélög hafa einhverja fjármálaumsýslu, mismikla að vísu. Sum foreldrafélög leggja litla sem enga áherslu á fjáröflun og telja brýnna að sinna ýmsum samstarfsverkefnum við skólann. Önnur félög skipuleggja verkefni s.s. jólaföndur, kaffisölu eða skemmtanir og nota ágóðann í þágu nemenda, t.d. til að bæta tækjabúnað eða leikaðstöðu barna eða greiða niður viðbótarnám svo sem dansnámskeið. Foreldrar í einstökum bekkjardeildum hafa líka staðið að sérstökum fjáröflunarverkefnum í tengslum við ferðalög í samvinnu við kennara og nemendur.

Samkvæmt grunnskólalögum á skólagangan að vera nemendum að kostnaðarlausu og því er skólum ekki heimilt að leggja á efnisgjald. Hins vegar mega foreldrafélög standa fyrir samskotum og leita eftir frjálsum framlögum foreldra til ákveðinna verkefna. Tekjuafgangur í foreldrafélögum ætti öllu jöfnu frekar að renna til samstarfsverkefna heimila og skóla og starfs með börnum og ungmönnum fremur en til tækjakaupa eða reksturs skólans sem lögum samkvæmt er í höndum sveitarfélaga.

Félagið þarf einnig að hafa einhverja fjármuni til að greiða fyrirlesurum, eða kaupa gögn fyrir stjórn, bekkjarfulltrúa og foreldraráðsmenn ættu að fá fyrir útlögðum kostnaði t.d. við að sækja ráðstefnur og þing um skólamál. Mörg sveitarfélög hafa greitt þátttökugjöld og jafnvel flugfarseðla til að foreldráðsfulltrúar komist á slík þing.

Algengast er að gjaldkeri félagsins hafi yfirumsjón með fjármálum. Rétt upp settir reikningar félagsins þurfa að liggja fyrir á aðalfundi, endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum félagsins (oft nefndir endurskoðendur). Einnig þarf bókhald félagsins að vera opið og aðgengilegt þeim sem þess óska.

Dæmi um fjáröflunarleiðir er að finna í kafla 6.

### Skráning á verkefnum félagsins

Mikilvægt er að halda vel utan um öll gögn félagsins og varðveita þau á skipulagðan hátt. Slíkt auðveldar nýju fólki að koma að verki í stjórn félagsins og átta sig á starfseminni. Þessi gögn eru líka mikilsverð heimild um þróun foreldrafélagsins í viðkomandi skóla og geta varpað ljósi á samstarf heimila og skóla almennt svo og ýmislegt í sögu skólans.

Í fundargerðarbók er t.d. hægt að skrá flesta atburði starfsársins. Flestir vinna nú fundargerðir í tölvu en engu að síður er mikilvægt að halda fundargerðarbók eða möppu með slíkum gögnum.

Önnur gögn félagsins, t.d. fréttabréf, skýrslur stjórnarmanna og nefnda, gögn frá skólanum og fræðsluyfirvöldum, er hægt að varðveita í möppum sem æskilegast er að geyma í læstum skjalaskáp í skólanum. Að öðrum kosti er hætt við að ýmis gögn frá fyrri árum glatist í meðförum stjórnarmanna sem hirða ekki um að koma þeim áfram til næstu stjórnar. Það tengslin við skólann ef skjalavarsla foreldrafélagsins er liður í skjalavörslu skólans og t.d. er hægt að varðveita á bókasafni skólans gögn foreldrafélagsins og gera þau þannig aðgengileg.

## **Bekkjarstarfið**

Þegar foreldrastarf í bekkjunum er í föstum skorðum er auðvelt að halda því gangandi allan grunnskólann, þótt áherslur breytist eftir því sem nemendur eldast. Að hausti er vænlegast að bekkjarfulltrúar boði foreldra til fundar þar sem rætt er um vetrarstarfið, e.t.v. í tengslum við haustkynningu á námsefni vetrarins. Þá er hægt að ræða í hópum um það sem foreldrar vilja gera með börnunum yfir veturinn, skrá það niður, ákveða tímasetningu á atburðum og skipta foreldrum á verkefni, þannig að sem flestir taki þátt í starfinu. Þó verður einhver að bera ábyrgð á hverju verkefni og bekkjarfulltrúinn að halda utan um starfið, væntanlega með aðstoð umsjónarkennara.

Mörg foreldrafélög hafa skráðar starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa. Þar er t.d. hlutverk þeirra skilgreint og hvernig ætlast er til að þeir sinni verkefnum sínum, m.a. að velja eftirmann sinn.

Í bekkjarmöppu, sem bekkjarfulltrúinn fær til varðveislu er safnað saman ýmsum gögnum um bekkjarstarfið og ýmsum hagnýtum upplýsingum, t.d. bekkjarnámskrá, lista yfir nemendur og foreldra, fréttabréf frá skóla og foreldrafélagi ásamt gögnum frá skólanum og fræðsluyfirvöldum, t.d. helstu lög og reglur um skólahald. Mappan verður með tímanum ómetanleg heimild fyrir nýja foreldra þegar verið er að skipuleggja foreldrastarf og einfaldar alla framkvæmd, einkum ef vel er staðið að skráningu. Heimili og skóli selur möppu fyrir bekkjarfulltrúa á vægu verði og heldur námskeið fyrir þá óski foreldrafélög þess.

Að sjálfsgöngu fara áherslur í bekkjarstarfi eftir áhuga foreldra og æskilegt er að hafa nemendur með í ráðum allt frá byrjun skólagöngu. Rétt er að undirstrika að bekkjarstarfið á ekki bara að snúast um skemmtanir þótt það eigi að vera skemmtilegt. Samráð og samstarf foreldra um ýmis mál eins og útivistartíma, afmælisboð, myndbandaáhorf, vímuvarnir og fleira er afar nauðsynlegt. Þar er „jafningafræðsla“ foreldra árangursrík gegn hinu útbreidda „allir hinir mega“.

Í bekkjarstarfinu kynnast foreldrar betur, skiptast á skoðunum og taka gjarnan virkan þátt í umræðum um innra starf skólans, nám og kennslu. Líklegt er að samhentur foreldrahópur taki t.d. með festu á agavandamálum ef þau koma upp og bregðist skjótt við einelti og stríðni ef um slíkt er að ræða.

Í 6. kafla er dæmi um erindisbréf bekkjarfulltrúa og fundargerð af bekkjarfundi og hugmyndabanki fyrir bekkjarstarf.

## **Kynningarstarf**

Foreldrafélag telst aldrei virkt ef enginn veit um tilvist þess. Mikilvægur þáttur í starfi foreldrafélags felst í því að miðla upplýsingum til skólasamfélagsins, þ.e. foreldra, nemenda og starfsfólks skólans og láta frá sér heyra á ýmsum vettvangi. Þetta getur gerst með ýmsum hætti:

\*Stutt fréttabréf og tilkynningar frá foreldrafélaginu, foreldraráðinu og nefndum á vegum félagsins. Hægt að gefa út eftir þörfum nokkrum sinnum á skólaári.

\*Kynning á starfsemi foreldrafélagsins í fréttabréfum skólans, skólablaði, bekkjarnámskrám, skólanámskrá, afmælisritum o.þ.h. Einnig á fundum með foreldrum við upphaf skólagöngu og á námskeiðum og námskynningum.

\*Efni frá foreldrafélaginu á heimasíðu skólans á Netinu. \*Fréttir frá einstökum bekkjardeildum, t.d. einblöðungur í töskupósti.

\*Fréttatilkynningar með myndum til dagblaða og héraðsfréttablaða, útvarps og sjónvarps af áhugaverðu starfi foreldrafélaga.

Foreldrafélög ættu einnig að minna á starfsemi sína og senda t.d. ályktanir og fréttabréf til sveitarstjórnar, skólanefndar og annarra fræðslufyrivalda.

## Stjórn og rekstur foreldrafélaga

---

### 4. kafli: Um verkefni foreldrafélaga

#### Foreldraröltið/Foreldravaktin

Mörg foreldrafélög í þéttbýli hafa skipulagt svokallað foreldrarölt eða foreldravakt en það er sjálfboðaliðastarf foreldra á sviði forvarna. Markmiðið foreldrarölsins er:

- Að virkja foreldra til samstöðu um útivistarreglur barna og unglunga og að koma í veg fyrir hópamyndun unglunga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.
- Að koma í veg fyrir áfengis- og fíkniefnaneyslu unglunga.
- Að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu.

Foreldraröltið er skipulagt innan hvers foreldrafélags og allir foreldrar eru hvattir til þátttöku, ekki eingöngu foreldrar unglunga. Safnað er nöfnum og símanúmerum þeirra foreldra sem hafa áhuga á að vera með og útbúinn listi þar sem fólki er raðað niður á vaktir. Best hefur gefist að raða bekkjunum niður á helgar, útbúa eins konar stundarskrá fyrir veturinn. Þeir foreldrar sem fara á röltið hittast t.d. í skólanum eða í félagsmiðstöðinni oftast kl. 23.00 á föstudags- og/eða laugardagskvöldi. Síðan er gengið um hverfið/bæinn og komið við á þeim stöðum þar sem unglingar safnast saman svo sem við sjoppur, leiktækjasali, verslunarmiðstöðvar og skóla. Nálægð fullorðinna hefur yfirleitt þau áhrif að hópurnir leysist upp og ólíklegt er að vímuefnasólumenn geri vart við sig þegar foreldrar vakta svæðið.

Foreldraröltið hefur skilað ótvíræðum árangri hvar sem það hefur verið skipulagt. Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og víðar er komin nokkurra ára reynsla af starfinu og hægt að nálgast upplýsingar um það hjá Heimili og skóla. Heimili og skóli hefur einnig skipulagt verkefnið "Fyrirmyndarforeldrar" sem ætlað er foreldrum barna í 6.-8. bekk og er hægt að fá nánari upplýsingar um það á skrifstofu samtakanna.

#### Fræðslufundir

Foreldrafélög eru tilvalinn vettvangur fyrir alls konar fræðslu um uppeldis- og skólamál. Algengt er að félögin fái fyrirlesara með erindi t.d. um einelti, samskipti, aga, heilbrigði og hollustu, vímuefnavarnir og hvaðeina sem kann að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Einnig þarf að fjalla um skólamálin, nám og kennslu í einstökum námsgreinum, þróunarstarf og staðbundin álitamál t.d. þegar til stendur að breyta skólahaldi s.s. að leggja niður skóla eða sameina þá.

Fyrirlesarar eru úr ýmsum áttum og stéttum. Það geta verið sálfræðingar, félagsráðgjafar, prestar, læknar, lögreglumenn, kennarar, sveitarstjórnarmenn eða embættismenn frá ýmsum stofnunum. Rétt er að leita ekki langt yfir skammt því í hópi kennara og foreldra leynast margir snillingar og sérfræðingar sem geta fjallað um hin aðskiljanlegustu mál.

Almennir félagsfundir um málefni skólans eru líka mikilvægir, foreldrar þurfa að ræða málin innbyrðis og við starfsmenn skólans.

Nauðsynlegt er að auglýsa fundi í foreldrafélaginu vel, tilkynningar sem sendar eru heim með börnunum, með töskupósti eiga það til að tynast. Oft getur því þurft aðs enda bref með pósti eða skipuleggja keðjuhringingar og ekki má gleyma möguleikum tækninnar að senda foreldraum línu í tölvupósti.

Gott er að gera stutta fundargerð eftir slíka fundi og setja pistil í næsta fréttabréf skólans eða foreldrafélagsins svo að þeir sem ekki komu á fundinn fái líka fræðslu.

Á landsbyggðinni leggst oft ferðakostnaður ofan á þóknun fyrir framsöguerindið og sveitarfélög taka gjarnan þátt í slíkum kostnaði eða greiða hann að fullu. Hjá skrifstofu Heimilis og skóla er hægt að fá ábendingar um áhugaverða fyrirlestra og fundarefni og skipulagningu funda.

## Fjáröflun

Samkvæmt lögum flestra foreldrafélaga hafa þau m.a. sem markmið að veita skólum lið svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma. Þetta hafa æði margir túlkað þannig að foreldrafélög eigi að vera eins konar góðgerðarfélög sem safni fé til tækjakaupa fyrir skólana. Það er rétt að minnast þess að aðstæður til náms eru ekki eingöngu metnar í græjum og tækjum. Viðhorf barna og foreldra til skólastarfs skipta meira máli.

Eins og fram kom í kaflanum um skipulag foreldrafélaga eru skiptar skoðanir á því hvort hlutverk foreldrafélaga sé að standa að fjármögnun á tækjum eða öðru sem varðar skólastarfið, það er jú lögbundið verkefni sveitarfélaga. Ekki ætti að ráðast í slík verkefni án þess að fyrst sé kannað hvort sveitarstjórn vill eða ætlar að sinna málinu. Það er ágætt að gefa skólanum gjafir við hátíðleg tækifæri t.d. á afmælum en fyrst og fremst ætti að beina orku félagsins að samstarfsverkefnum um börnin og einnig að uppbyggingu félagsstarfsins.

Fjáröflun einstakra bekkjardeilda t.d. vegna utanferða eru algengar og um þær eru einnig skiptar skoðanir. Skipulagning slíkra verkefna þarf að vera góð t.d. að hafa sérstakar fjáröflunarnefndir með fulltrúum foreldra, nemenda og kennara og virkja nemendur sjálfa sem mest.

## Sjálfböðastarf

Frjálst félagsstarf er unnið í sjálfböðavinnu og eru foreldrafélög þar engin undantekning. Það er æskilegt að verkefni félagsins séu svo fjölbreytt að hver og einn geti fundið þar eitthvað við sitt hæfi. Ekki er öllum gefið að standa upp á fundum eða skrifa bréf og nudda í stjórnvöldum. Margir eru hins vegar tilbúnir að leggja hönd á plóginn í stutt, afmörkuð og vel skilgreind verkefni. Þannig er t.d. yfirleitt einhver tölvusnillingur í foreldrahópnum sem hefur ekki mikið fyrir því að setja upp fréttabréf foreldrafélagsins þótt hann sé ekki til í að safna efni í það. Innan foreldrahópsins er fjölbreytt hæfni og þekking og þá auðlind þarf að virkja sem mest.

Mörg félög hafa skipulagt sjálfböðastarf foreldra þegar gera þarf úrbætur á leikaðstöðu, félagsmiðstöð eða skólalóð. Þetta er oft vel heppnað og eykur kynni og samstöðu foreldra. Ef slík verkefni eru of viðamikil geta þau þó dregið kraft úr fólki og það missir áhugann, einkum ef vinnan lendir á fáum einstaklingum. Rétt er að minna á að skólalóðir eru hluti af skólamannvirkjum og því ber sveitarfélögum að sinna viðhaldi þeirra. Fjármagn til efniskaupa og tækjakostur við uppsetningu ætti að koma frá sveitarfélögum en foreldrar og nemendur leggi frekar hönd á plóg við minni verkefni eins og gróðursetningu og vorhreinsun.

Gróðursetning við skóla eða annars staðar er dæmi um verkefni sem flestir geta tekið þátt í og hægt er að skapa skemmtlega samverustund foreldra og barna kringum hana.

Aðstoð foreldra við félagsstarf eldri nemenda tíðkast á ýmsum stöðum og ræður jafnvel úrslitum um það hvort eitthvað tómsundastarf er skipulagt fyrir unglíngana. Slíkt starf hefur mikið forvarnargildi og styrkir tengslin milli íbúanna. Þess eru dæmi að sveitarfélög greiði foreldrafélögum fyrir umsjón með tómsundastarfi og það fé nýttist svo í starfi foreldrafélagsins. Einnig er hægt að leita til foreldra til að sinna tómsundastarfi, leiðbeina á námskeiðum og greiða sérstaklega fyrir slíkt.

## Jólafondur

Hefð er fyrir því að foreldrafélög skipuleggi föndurdag með foreldrum og börnum einhverntíma á aðventunni. Þetta hafa oft verið hinar bestu samkomur, einkum þar sem vel er staðið að skipulagningu og börnin hafa foreldra sína með sér í föndrinu.

Jólafondur getur verið með ýmsum hætti og kannski ekki þörf að hafa það á hverju ári eða ætíð eins. Víða koma foreldrar og börn saman og skera út laufabrauð eða baka piparkökur í skólanum. Sums

staðar er jólasamveran í hverri bekkjardeild og þá sniðin að aldri og áhuga barnanna. Kirkjuferð fyrir jólin eða lestur úr jólabókum og kakó með smákökum fellur líka í góðan jarðveg.

## Hátíðir og samkomur fyrir allan skólann

Í mörgum foreldrafélögum skipuleggja menn árlega eina eða fleiri samkomur fyrir nemendur og foreldra. Þetta geta verið vorhátíðir með leikjum, skemmtidagskrá, grillveislu, afmælishátíðir, skólavígslur, þorrablot, öskudagsgleði og fleira mætti nefna. Hefðir ráða miklu en nýjungar eru líka kærkomnar.

Öll stórverkefni kalla á góða skipulagningu og þeim þarf að stjórna af öryggi. Í upphafi er gott að setjast niður, skilgreina einstaka þætti og fela ákveðnum hópum, nefndum eða einstaklingum, t.d. bekkjarfulltrúum, umsjón og ábyrgð. Best er að virkja sem flesta og nemendur ættu auðvitað að koma að verki, nema að samkoman eigi að koma þeim á óvart. Tímaáætlun auðveldar framkvæmd og kemur í veg fyrir streitu og óþægindi á síðustu stundu. Ýmislegt getur farið úrskeiðis og sértaklega ber að varast ranga tímasetningu, óklára skiptingu ábyrgðar og ekki má gleyma að hafa samráð við kennara og skólastjóra.

Það gefst vel að þeir sem bera ábyrgðina á einstökum verkþáttum setjist niður og meti útkomuna þegar hátíði er lokið, fari yfir hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara og sú reynsla sé skráð svo læra megi af henni í næsta skipti.

## Tillögur að úrbótum og nýbreytni

Foreldrafélög og foreldraráð vinna að því að bæta uppeldis- og menntunarskilyrði barna. Í því sambandi þarf oft að ýta við yfirvöldum, ríki og sveitarfélögum, sem bera ábyrgð á rekstri skólans. Rétt er að koma slíkum ábendingum og áskorunum skriflega til rétta aðila, senda afrit til annarra sem að málinu koma, og óska eftir viðbrögðum innan ákveðins tíma eigi það við. Í þessu sambandi er rétt að minna á stjórnsýslulögin og upplýsingalögin sem m.a. varða skyldur stjórnvalda til að svara erindum.

Sé skoðað það markmið margra foreldrafélaga að koma fram með óskir um breytingar á skólastarfinu er ljóst að slíkar óskir verða að byggja á þekkingu foreldranna á því sem verið er að gera í skólanum. Þess vegna er upplýsingaflæði til foreldra afar mikilvægt bæði varðandi bekkinn og skólann sem heild.

Foreldraráð skólans fjallar um skólanámskrána og getur lagt fram tillögur að úrbótum eða nýbreytni. Það þarf að þekkja vel lög og reglugerðir um skólastarf til þess að átta sig á hvers er krafist af skólanum.

## Ágreiningur

Í öllum skólum geta komið upp mál sem valda ágreiningi. Þau geta t.d. snúist um samskipti milli nemenda, milli nemenda og kennara og milli foreldra og kennara. Mörg slík mál eru ekki einstaklingsmál, þau varða heilan bekk eða öll börn í skólanum og því er nauðsynlegt að geta rætt þau af hreinskilni. Sem dæmi um slík mál má nefna einelti en við því þarf að bregðast af festu um leið og þess verður vart. Hins vegar er ekki ætlunin að stjórn foreldrafélagsins fari að reka mál einstaklinga en hægt er að styðja fólk og benda því á réttar boðleiðir innan skólans og kerfisins.

## Stjórn og rekstur foreldrafélaga

---

5. kafli: Fámennir skólar

### Fámennir skólar

Á Íslandi eru um 200 grunnskólar og af þeim er helmingurinn með færri nemendur en 50. Í fámennum skóla sem oftast er í drefibýli hlýtur foreldrastarf að vera með öðrum hætti en í stærri þéttbýlisskóla. Foreldrar þekkja yfirleitt vel, nemendur sömuleiðis, og hugsanlega er nokkur hluti þeirra börn starfsmanna skólans, skólanefndin er oftast skipuð foreldrum og boðleiðir stuttar til sveitarstjórnar.

Það þarf því ekki mikla umgjörð um félagsstarfið og í flestum fámennum skólum hafa foreldrar valið að sameina foreldraráð og foreldrafélag eða jafnvel óskað undanþágu frá foreldraráði vegna fámennis.

Verkefni í foreldrastarfi eru þó að vissu leyti þau sömu, þ.e. skemmtanir og samkomur með börnunum, fræðsla og samráð um uppeldis- og skólamál og almenn hagsmunagæsla fyrir börn og foreldra.

Skemmtanir og upplýfting með börnunum er oftast skipulagt í nánu samstarfi við starfsmenn skólans, jafnvel líka af kvenfélagi og eða ungmennafélagi á svæðinu. Sem dæmi má nefna leikhúsferðir og önnur ferðalög, jólaskemmtanir og árshátíðir.

Almennar umræður um skólamál og menntun barnanna eru jafn nauðsynlegar í fámennum skólum og annars staðar. Ekki skal gert lítið úr óformlegum samræðum og skoðanaskiptum þegar foreldrar og kennarar hittast á förnum vegi en þó eru ávallt mál sem þarf að ræða og taka ákvarðanir um. Þessi mál geta t.d. varðað skólaakstur, heimavist, mótuneyti, heimnám, skólatíma, samkenndu, þátttöku foreldra í skólastarfi, tengsl við aðra skóla sem nemendur sækja að lokinn skólagöngu í heimbyggð, námsmat, hegðun og fleira. Hægt er t.d. að boða til opins fundar um skólahaldið tvisvar á ári í samvinnu við skólanefnd. Þar mætti bæði ræða skipulag kennslunnar í einstökum deildum og málefni skólans almennt. Hægt er að fá aðila frá skólaskrifstofu umdæmisins til að fjalla um þjónustu sem skólanum býðst. Umræður um skóla og uppeldismál eru ekki síður þarfar í fámennum skólum en þeim stærri.

Einelti getur líka komið upp í litlum skólum og þar eins og annars staðar þarf að taka á slíku af festu.

Margir fámennir skólar búa við festu í starfsmannahaldi og kennarar koma úr röðum heimamanna. Í öðrum skólum er meiri hreyfing á fólki og þá er mikils um vert að nýir kennarar fái aðstoð frá foreldrum til að aðlagast og kynnast samfélaginu. Það getur jafnvel skipt sköpum um það hvort kennarar í lengist í fámennum skólum.

Skólanefndin þarf líka að vera virk og vakandi yfir velferð nemenda og hlúa að skólanum svo að aðstæður til náms og kenndu séu sem bestar. Möguleikar á endurmenntun fyrir kennara, tengsl við aðra skóla, og þátttöku í ýmsu samstarfi er mikil hvatning og uppspretta þróunar og framfara. Þetta er ennþá brynna nú þegar sveitarfélög hafa sameinast og nemendum fer fækkandi í dreifðum byggðum.

## Stjórn og rekstur foreldrafélaga

---

6. kafli: Sýnishorn og eyðublöð

### Lög foreldrafélags Sjávarsíðuskóla

#### 1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Sjávarsíðuskóla.

Í félaginu eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

#### 2. gr.

Markmið félagsins eru að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

#### 3. gr.

Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.:

- Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans.
- Starfa eftir þeim ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi og menntamálaráðuneytið setja um grunnskóla.
- Koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólafirvöld.
- Kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans til dæmis með starfi í foreldraráði.

- Koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- Fjalla um og koma með tillögur um aðstöðu barna í skólahverfinu og stuðla að rétti þeirra til opinna leiksvæða. - Styðja eftir megni félgas- og tómstundastarf nemenda. - Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.
- Skipa bekkjarfulltrúa í hverja bekkjardeild.

#### **4. gr.**

Stjórn félagsins er skipuð fimm forráðamönnum barna skólans og tveimur varamönnum. Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjadkera og tveimur meðstjórnendum. Ritari gegnir jafnframt hlutverki varaformanns. Formaður skal kosinn sérstaklega. Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt árið. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

#### **5. gr.**

Á aðalfundi skal kjósa fulltrúa í foreldraráð til tveggja ára, tveir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt árið.

#### **6. gr.**

Í upphafi skólaárs boðar formaður stjórnar til aðalfundar sem eigi skal haldinn síðar en 20. september ár hvert með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara. Á fundinum fara fram venjuleg aðalfundarstörf auk annarra mála sem kynnt skulu í fundarboði.

#### **7. gr.**

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Stjórnin setur nefndum verkáætlun í samráði við þær.

#### **8. gr.**

Í upphafi skólaárs skal kjósa tvo fulltrúa foreldra eða forráðamanna úr hverri bekkjardeild. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og nemenda og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvorrar bekkjardeildar. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Stjórn félagsins setur bekkjarfulltrúum starfsreglur.

#### **9. gr.**

Fulltrúaráðið skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á skólaárinu. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni foreldraráðs.

#### **10. gr.**

Stjórn félagsins getur sinnt ágreiningsmálum sem upp kunna að koma og varða félagsmenn og beitt sér að lausn þeirra, meðal annars með því að koma þeim á framfæri við rétta aðila.

#### **11. gr.**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í skriflegri fundarboðun með minnst sjö daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

### **Starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa foreldra í Sjávarsíðuskóla**

Úr lögum Foreldrafélags Sjávarsíðuskóla

#### **8. gr.**

Í upphafi skólaárs skal kjósa tvo fulltrúa foreldra eða forráðamanna úr hverri bekkjardeild. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og nemenda og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvorrar bekkjardeildar. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Stjórn félagsins setur bekkjarfulltrúum starfsreglur.

### **Starfsreglur**

1. Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við umsjónarkennara og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri þegar þess er þörf. Í samvinnu við kennara skipuleggja þeir í upphafi skólaárs almennan fund með foreldrum þar sem lagðar eru línur fyrir bekkjarstarf vetrarins.
2. Bekkjarfulltrúar fygjast með því að foreldrastarfið sem ákveðið er í bekknum sé framkvæmt, t.d. bekkjarkvöld, ferðalög, umræðufundur, heimsóknir og jólaskemmtun. Æskilegt er að skipta foreldrum bekkjarins í litla hóp (4-5 foreldrar) til að skipuleggja einstök verkefni vetrarins.
3. Bekkjarfulltrúar ræða við umsjónarkennara um skólastarfið og gang mála í bekknum og miðla upplýsingum til annarra foreldra t.d. á fundum eða með dreifibréfum í samvinnu við kennara.
4. Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við Foreldrafélag Sjávarsíðuskóla og sitja í fulltrúaráði foreldrafélagsins.
5. Bekkjarfulltrúar safna í bekkjarmöppu gögnum um það sem gert hefur verið í foreldrastarfi í bekknum og ýmsum öðrum gögnum, t.d. frá skólanum, foreldrafélaginu og skólayfirvöldum.
6. Bekkjarfulltrúar reyna að hlusta eftir sjónarmiðum nemenda varðandi bekkjarstarfið og bekkjarandann og foreldrastarfið í bekknum.
7. Bekkjarfulltrúar aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu ef um það er að ræða, t.d. í tengslum við vettvangsaðferðir, starfskynningu og heimsóknir foreldra í bekkinn.
8. Bekkjarfulltrúar undirbúa val á eftirmönnum sínum og miðla upplýsingum til þeirra og afhenda bekkjarmöppuna.

## **Dæmi um starfsáætlun í foreldrafélagi**

### **Apríl**

Aðalfundur, skýrslur stjórnar, nefnda og foreldraráðs. Kosinn formaður, stjórn skipti með sér verkum.

### **Maí**

Stjórnarfundur, lögð drög að starfsáætlun næsta vetrar. Safnað saman bekkjarmöppum frá fráfarandi bekkjarfulltrúum. Vorhátíð.

### **Ágústlok**

Stjórnarfundur

### **September**

Fulltrúaráðsfundur, ýtt á að fráfarandi bekkjarfulltrúar útvegi eftirmenn sína. Þeir kallaðir saman til að undirbúa bekkjarfundi, bekkjarmöppum dreift. Bekkjarfundir í hverjum bekk fyrir 25. september í samráði við umsjónarkennara. Stjórnarfundur, gjarnan sameiginlegur með foreldraráði.

### **Október**

Stjórnarfundur. Fræðslufundur fyrir alla foreldra. Fulltrúaráðsfundur í samvinnu við foreldraráð, leitað eftir sjónarmiðum sulltrúanna um hvað eina er varðar skólann, börnin, félagið, bæjarfélagið. Málin rædd í árgangahópnum. Tilvalið að kjósa í nefndir eða starfshópa sem sinna afmörkuðum verkefnum svo sem jólaföndri, skólabróun, matarmálum, vorhátíð, umferðarmálum o.s.frv. Fréttabréf sent til allra foreldra ef hægt er.

## **Nóvember**

Stjórnarfundur, e.t.v. með stjórn nemendaráðsins.

## **Desember**

Jólafröndur eða aðventuhátíð foreldra og barna, ýmist í bekkjardeildum eða fyrir allan skólann. (Einnig er hægt að skipuleggja álfaglaði í byrjun janúar í staðinn fyrir jólafröndur.)

## **Janúar**

Stjórnarfundur í samvinnu við skólastjórn og foreldraráð með einhverjum utanaðkomandi gestum t.d. fulltrúum úr skólanefnd og skólaskrifstofu, íþróttatómstundaráði til að ræða málefni skólans s.s. byggingar, lóð, hverfið/byggðarlagið og önnur mál er varða börn og fjölskyldur þeirra. Fræðslufundur fyrir alla foreldra eða árgangafundir með fræðslu sem höfðar til mismunandi foreldrahópa eftir aldri barna.

## **Febrúar**

Stjórnarfundur. Fréttabréf sent til allra foreldra. Bekkjarfundir í hverjum bekk.

## **Mars**

Fulltrúaráðsfundur. Stjórnarfundur. Nefndir ættu að hafa lokið störfum ef þær höfðu tímasett verkefni. Undirbúningur undir aðalfund, skýrsla stjórnar. Kjörnefnd tekur til starfa.

## **Dæmi um fjárfundarleiðir:**

- Jólakort teiknuð af nemendum, prentuð og seld 5-10 saman í búnti
- Prentun á bolum með merki skólans
- Leimfimi fyrir foreldra í íþróttasal skólans
- Tölvunámskeið fyrir almenning í samvinnu við tölvukennara skólans
- Matreiðslunámskeið í skólaeldhúsinu
- Kaffisala og vöflur á gróðursetningardeg, skólaslitum, vorhátíð
- Flóamarkaður
- Tónleikar þar sem kór skólans og nemendur sem leika á hlóðfæri troða upp
- Bekkjarmyndir teknar í hverjum bekk og seldar með álagningu
- Áheitasöfnun af einhverju tagi, gjarnan tengt námi
- Styrktarlínur fyrirtækja í fréttabréf foreldrafélagsins
- Samskot meðal foreldra á fræðslufundum
- Bingó með þátttöku foreldra og nemenda
- Útgáfa ljóðabókar barnanna eða ritgerða
- Félagsgjöld
- Blómasala, vorlaukar

## **Dæmi um fundargerð í foreldrafélagi**

fundur í stjórn Foreldrafélags Sjávarsíðuskóla

Mættir: Jón, Sigríður, Páll, Rannveig og Hildur, Sæmundur boðaði forföll.

### **1. Heilsdagsskóli.**

Foreldrar hafa haft samband við félagið og kvartað yfir lélegum leikföndgum fyrir börnin. Finnst vanta fleiri spil og innileikföng nú þegar vetur gengur í garð. Fjárveitingar til starfsins uppurinn segir skólastjóri. Rætt um að setja klausu í fréttabréf skólans og hvetja foreldra til að arfleiða skólann að gömlum, heillegum leikföngum. Einnig að félagið skrifi skólanefnd og veki athygli á þessu fyrir næstu fjárfarsáætlun. Jóni ritara falið að skrifa þessi bréf og áskorun.

### **2. Fræðslufundur fyrir foreldra.**

Ákveðið að fá J'on Geirsson til að tala á fundi 16. janúar um hvernig má leysa ágreining. Auglýsa fundinn í desember fréttabréfi og setja upp tilkynningar í verslunum ásamt töskupósti. Bekkjarfulltrúar skipuleggi hringingar þegar nær dregur. Hildur gefur samband við Jón og semur um greiðslu.

### 3. Fundur með foreldraráði.

Foreldraráð er búið að vinna úr könnun á viðhorfum foreldra. Ákveðið að funda með því og skólastjórnendum um niðurstöður og hvernig þær verði kynntar. Páll formaður finnur stað og stund.

### 4. Samræmd próf og lok þeirra í vor.

Rætt um að stofna vinnuhóp með nemendum til að undirbúa óvissuferð við lok samræmdra prófa í vor. Bekkjarfulltrúar í 9. bekk verði með í þeim hópi.

### 5. Önnur mál.

Gjaldkeri greindi frá innheimtu félagsgjalda sem hafa skilað sér vel og var ákveðið að menn hugsuðu fyrir næsta fund hvernig mætti verja fénu. Hugmynd kom fram að kaupa örbylgjuofn til notkunar í nestisaðstöðu unglinga, en ekkert ákveðið.

Næsti fundur á venjulegum tíma, fyrsta mánudag í desember kl. 17:30

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:45

Fundargerð ritaði Jón Hjartarson

### Dæmi um fundargerð af bekkjarfundi

#### Fundargerð

Foreldrafundur í 6. KB í Sjávarsíðuskóla 16. september 1998

Mættir voru 15 foreldrar 12 barna. Foreldrar 6 barna boðuðu forföll.

#### Lyftum okkur á kreik

Ákveðið að sameiginlegar samkomur í vetur verði þessar: Bekkjarkvöld 23. október kl. 19:00-21:30. Umsjónarmenn verði Sigríður móðir Árna, Guðrún móðir Siju, J'onas pabbi Teits og Þórður pabbi Ara. Nefndin starfi í samvinnu við nemendur og Jón Pál kennara.

Jólastund á aðventu 4. desember. Þuríður móðir Sigga bauðst til að kenna gerð jólaskeytinga á hurðir og Þórarinn bakari, pabbi Kára getur útvegað ódýr laufabrauð sem skera má út og steikaj á staðnum. Þau tvö taka að sér undirbúning.

Skálaferð í febrúar. Sólveig mamma Evu og Jóhanna mamma Dísu setja tillögu á blað og skipt verkum með fólki. Hægt að fá skálann í Henglinum án endurgjalds.

Bekkjargrillveisla í maílok. Kristján og Elsa foreldrar Freys bjóða fram stóran garð með væni verönd. Þau kalli aðra til starfa eftir þörfum.

#### Útivist og partí

Ákveðið að skrifa undir foreldrasamninginn og senda heim með öllum börnum. Útivist til kl. 20:00 virka daga og 21:00 um helgar. Bekkjarboð standi frá kl. 18:00(-19:00) til kl. 21:00 og einhver fullorðinn sé ávallt heima. Ekki verði sýndar bannaðar myndir í slíkum boðum.

#### Afmæli

Heldur virðist hafa dregið úr áhuga á að bjóða öllum bekknum í afmæli en í slíkum tilvikum er mælt með því að öllum sé þá boðið og enginn skilinn útundan. Sé eingöngu stelpunum eða eingöngu strákonum boðið að þá séu allar/allir með. Afmælisgjafir verði að hámarki 300 krónur, afmælum ljúki eigi síðar en 21:30.

#### Annað

Nokkrir koma með "leysipenna" (lasergeislar) í skólann og stríða félögunum með því að lýsa í augun á þeim. Foreldrar beðnir að ræða hættuna sem þessu fylgir við börn sín og fá þau til að hætta þessu.

**Frá Jóni Páli kennara**

Ef foreldrar eiga aflögu kubba og spýtur er það vel þegið í myndverk sem verið er að vinna í myndlistartímum.

Nú eiga allir nemendur að vera búnir að ljúka 1. Æfingabókinni í ensku og verður próf úr henni á fimmtudag. Bókin sjálf, frágangur og vinnubrögð er hluti af vetrareinkunn. Símatími er á miðvikudögum kl. 13-14, einnig má leggja boð fyrir Jón Pál hjá ritara.

Í fundarlok sýndi Jón Páll okkur nýju viðbygginguna og skólaeldhúsið.

Fundargerð ritaði Sigríður Pála Beck.